

Sigrún Helgadóttir  
Landsfundur Kvinnalistsans á Laugarvatni  
31. október 1992

### Jörðin og við

Jæja stelpur, Hvað í ósköpunum á ég að segja við ykkur? Er ég ekki búin að segja allt sem ég hef að segja þennan áratug sem ~~Kvennaframbod~~ og Kvinnalisti hafa verið til og ég hef verið, stundum eins og hrópanndinn í eyðimörkinni, stöðugt áminnandi um tillitsemi og virðingu við móður Jörð. Þið sem ekki þekkið mig haldið kannski að ég sé svona kurteis og tillitsöm að eðlisfari, ónei - hreint ekki - öll þessi hróp og sköll eru gerð í eiginhagsmunaskyni. Ástæðan er sú að ég óttast mjög um framtíð mína og þá ekki síður minna fjögurra barna. Svo enn er ég komin hér í eiginhagsmunaskyni, nánast örvæntinagarfull, til þess enn og aftur að segja ykkur sömu hlutina aftur, enn og aftur sömu einföldu staðreyndirnar.

Hvers vegna er ég hrædd? Er ekki allt í lagi? Við metum jú lífsgæði okkar og hamingju eftir hagvexti. Og í þau rúmlega fjörutíu ár sem ég hef lifað hér á Jörð gefur nú aldeilis á að líta. - það hefur verið stöðugur hagvöxtur - hin melda þjóðarframleiðsla í heiminum hefur næstum fimmfaldast, í rauninni hefur þjóðarframleiðslan mælst slík að á hverjum áratug, síðustu fjóra áratugi, hefur aukning á framleiðslu verið meiri en aukningin varð frá upphafi s.k. siðmenningar fram til ársins 1950. Verslun hefur auðvitað margelfst og miljónir nýrra starfa hafa orðið til --> af þessum upplýsingum á ég auðvitað að draga þá ályktun að allir geti unað glaði við sitt og allir eigi að vera hamingjusamir.

En tortrygginn verður ofaná og ég spyr sjálfa mig: á hverju byggist þessi hagsvöxtur? Ég veit að hann getur ekki byggst á neinu öðru en gjöfum móður Jarðar - auðlindum Jarðar eins og kerfið segir. En hverjar eru þessar auðlindir? Hagvöxtur síðustu áratuga byggist ekki síst á þeim flokki auðlinda sem kallast takmarkaðar og fer þar olían fremst í flokki. Hún varð til í

jarðlöggun fyrir 300 miljónum ára þar hefur hún legið síðan en nú tókum við, okkar kynslóð, okkur til og skverum okkur í að klára hana á svona 100 árum. Vöxtur getur auðvitað ekki til langframa byggst á auðlind sem er að verða búin. Hvað gerist á næstu öld?

Annar flokkur auðlinda er kallaður endurnýtanlegur - vegna þess að þær auðlindir eru jú til í takmörkuðu magni en efnið þarf ekki að eyðileggjast þegar það er notað, eins og olían gerir þegar hún brennur - heldur má nota efnið aftur og aftur. ~~og~~ Þetta dæmið um endurnýtanlega auðlind er vatnið. Í heiminum er takmarkað magn vatns/ það eru víst 9000 rúmkílómetrar af vatni. Það er sannarlega alveg nóg fyrir okkur ef við förum vel með það, eitrum það ekki með efnasamböndum, <sup>og</sup> eða hitum það svo mikið með því að hækka hita Jarðar <sup>Svo að</sup> stærsti hluti vatnsins <sup>er</sup> ~~haldist ekki á jörðu niðri til~~ <sup>gufi upp</sup> ~~á~~ <sup>og gæti því elliu</sup> ~~á~~ streyma ~~þar~~ um mold, ár, vötn, höf og æðar plantna og dýra heldur ~~gufi upp sem vatnsgufa~~. Endurnýtanlegar auðlindir getum við ~~þannig~~ notað aftur og aftur en magn þeirra <sup>er</sup> ~~stendur~~ <sup>takmarkað og</sup> ekki undir endalausum vexti <sup>so</sup> - ~~L~~ mannfolk á Jörðinni getur ekki fjölgað sér í það óendanlega eða aukið framleiðslu sína í hið óendanlega. En á hverju byggist þá þessi stöðugi vöxtur í áratugi, hvað vex? Vöxtur getur aðeins byggst á hinn lifandi auðlind, lífverur er það eina sem vex.

Úr lífkerfunum fáum við allan mat, timbur, pappír, leður, ull o.s.frv.

En vöxtur lífvera er líka takmarkaður vegna takmarkaðrar stærðar Jarðar. Lífverur búa yfir þessum undursamlega hæfileika að geta endurnýjað sig. Þarna er hægt að stinga kartöflu í mold að vori og sjá, um hausti <sup>er</sup> eru þær orðnar 10. <sup>átt lívi</sup> En - úr takmarkaðri stærð kartöflugarðs fáum við aðeins takmarkað magn kartaflla, Við getum ekki alltaf aukið framleiðsluna ár frá ári. Ef við erum gráðug <sup>er</sup> og setjum kartöflurnar of þétt fáum við bara smærri kartöflur og kannski ekki í heildina eins mikla uppskeru, og við eigum á hættu að þrautpína moldina þannig að hún verði uppiskroppa með næringarefni. Og ef við mokum áburði í garðinn með ~~sama tilgangi~~ getur farið svo að við setjum meiri orku í garðinn en við fáum úr honum og til hvers er þá unnið? En ef við kunnum okkur hóf, hlúum vel að garðinum okkar, gætum þess að éta ekki útsæðið á veturna og gerum hæfilega kröfur til moldar og náttúru þá getum við notað

garðinn okkar árum saman og börnin okkar á eftir okkur.

Jörðin er <sup>rauninni</sup> sambærileg við kartöflugarð - hún getur ekki endalaust braufætt okkur og við ekki framleitt úr gæðum hennar alla mögulega og ómögulega hluti í það óendanlega. En á hverju byggist þá þessi mikli vöxtur undanfarna áratugi?

- jú vöxturinn byggist á því að <sup>lífsstíllinn hefur</sup> ~~æfir hlutir hafa minnkað~~, <sup>en það</sup> ~~hlutir~~ <sup>ekki</sup> eru <sup>tekið</sup> með þegar hagvöxtur er mældur.

Við einblínum á hagkerfið og opnum ekki svo fjölmiðil að þar sé ekki alls kyns umfjöllun um mælingar á hagkerfinu. Heilu opurnar í dagblöðunum eru undirlagðar af breytingum á gengi dalsins, eða jensins, breytingum á vöxtum, verði hlutabréfa og hvað þetta nú heitir allt saman - en hin raunverulegu gæði, þau gæði sem skipta sköpum um líf okkar og heilsu - um þau er ekki fjallað, þau eru jaðarverkefni - rétt eins og þessi tala mín hér, hún á ekki heima í aðaldagsskra heldur ágætt innlegg í hádegisspjall sem hægt er að leggja eyrun við um leið og verið er að hugsa um að fá sér að borða og undirbúa sig undir aðalverkefnin.

En hvaða hagstærðir eru það þá sem skipta máli? <sup>?</sup> Ef við snúum okkur aftur að þessum síðustu 40 árum þá kemur í ljós að á þeim tíma hefur ræktað land - það land sem fyrst og fremst sér um að framleiða ofaní okkur matinn - það er næstum einum fimmta minna núna en það var fyrir 40 árum. Regnskógarnir-þeir eru sömuleiðis a.m.k. einum fimmta minni en þeir voru þá. Jörðin er tugum þúsunda tegunda fátækari nú en þá og á hverju ári hafa að meðaltali fokið eða runnið til hafs 24 000 miljónir tonna af jarðvegi. Koltvísýringur í lofti er nú a.m.k. 26% meiri en hann var fyrir iðnbyltingu - hann ásamt mörgum öðrum efnum og mun hættulegri heldur áfram að streyma út í hinn örþunna lofthjúp Jarðarinnar og valda hinum s.k. gróðurhúsaáhrifum sem hækka hita á Jörðinni með ófyrirsjáanlegum áhrifum.

Í síðustu 2500 miljónir ára hefur ósonlagið komið í veg fyrir að útfjólubláir geislar sólarinnar fái óhindrað að leika um yfirborð Jarðar. Þá fyrst gátu lífverur þokað sér upp fyrir 5 metra dýpt í vatni og jarðvegi og líf á landi gat farið að þróast. Nú þynnist

ósonlagið með ógnvekjandi hraða. Og götin í ósonlaginu eru yfir norður og suður pólum. Jú við getum kannski borðið á okkur einhver krem eða gengið undir sólhlíf, en lífsafkoma þjóðarinnar byggist á svifþörungum og dýrum í yfirborði sjávar.

Hvenær ætli komi að því að síður dagblaðanna verði ekki fullar af upplýsingum um vexti og vísitölur heldur komi þar fram upplýsingar eins og

Í gær dóu út 139 teg. lífvera í heiminum, ósonlagið yfir landinu þynntist um 5%, 56 miljón tonn af koltvísýringi losnuðu út andrúmsloftið þannig að magn hans þar jókst um 15%, 66 miljónir tonna af jarðvegi <sup>hafa</sup> ~~harfu~~ af ræktuðu landi <sup>þá er</sup> ~~o.s.frv.~~

Þessar tölur skipta okkur miklu meira máli en hinar sem alltaf er verið að velta sér upp úr. En hvers vegna er ekkert um þær fjallað. Hvers vegna mælir ekki hagkerfið líka þá rýrnum náttúruaðæfa sem umsvif okkar og framleiðsla hafa í för með sér — en meta aðeins lokaafurð framleiðslunnar. — spyr sá sem ekki veit, en það má þó leita skýringa.

Við gleymum því allt of oft að hagkerfið er manngert það er ekki náttúrulögmál. Það er meira að segja kornungt, Jörðin er 4600 miljón ára gömul en það er alveg óskiljanleg tala. Við getum hugsað okkur að ef Jörðin væri 70 ára gömul, þá hefði maðurinn komið fram fyrir tæpum sólarhring, hann fór að breyta jörðinni með því að stunda landbúnað fyrir einni og hálfri klukkustund og iðnbylting með öllum þeim beytingum sem henni fylgdi hófst fyrir minna en tveimur mínútum. Um svipað leyti var lagður grunnur af hinu hefðbunda hagkerfi og þó svo það hafi hneppt okkur í fjötra megu við ekki gleyma því að það er ekki náttúrulögmál og við getum breytt því — við verðum að breyta því.

Og nú er ég farin að manngera Jörðina rétt eins og formæður okkar og feður. Snorri <sup>Sturluson</sup> segir t.d. í formálanum að Eddu sinni að forfeður okkar hafi talið að "Jörðin væri kvik og hefði líf með nokkrum hætti og vissu þeir að hún var furðulega gömul að aldartali og máttug í eðli, hún fæddi öll kvikindi og hún eignaðist allt það er dó og fyrir þá sök gáfu þeir henni nafn og töldu ætt sína til hennar."

Fyrir um tveimur árum sagði ég ykkur í laugardagskaffi frá rannsóknum Maríu Gimbútas. Hún hefur verið að grafa upp minjar sem hafa verið kallaðar forsögulegar og hún túlkar þær þannig að löngu áður en sú sagnfræði byrjar sem við höfum lært, eða fyrir 30-40 þús., árum þá hafi verið þróuð akuryrkjusamfélög í SA-Evrópu, þar voru borgir og tæknivædd akuryrkja, þar ríkti jöfnuður og samhjálpa, og þar virðist hafa ríkt jafnvægi á milli manns og náttúru. Fyrst þessi samfélög gátu staðist og blómstrað um áratugabúsundir. E.t.v. er skýringin sú að fólk þetta virðist hafa trúnað því og hagað sér samkvæmt því að Jörðin væri lifandi, hin allt gefandi mikla móðir. Náttúran setti fólki reglur sem það skynjaði og e.t.v. skildi á sinn hátt en umfram allt virti og fór eftir. Svipaða sögu má segja t.d. frá Indíánum Ameríku.

Það er vonandi tímana tákn að nú eru vísindamenn farnir að færa að því vísindaleg rök að líta megi á Jörðina sem lifandi veru - Þeir færa fyrir því ýmis sannfærandi rök sem of langt mál yrði að fara út í hér. En það er reyndar athyglisvert að nokkuð virðist vera um að þeir sem færa rök fyrir lifandi Jörð eru menn sem hafa mjög breiða náttúrufræði menntun. Þetta á t.d. við um James Hutton sem var uppi á 18. öld. Hann var læknir að mennt en snéri sér síðan að jarðvísindum og er nú kallaður faðir jarðfræðinnar. Og þetta á líka við um <sup>kalmanum og sfnafrodineinu</sup> James Lovelock sem nú er talinn upphafsmaður kenningarinnar um lifandi Jörð, þótt hann segist sjálfur aðeins hafa enduruppgötvað það sem aðrir hafa sagt og fært að því frekari rök.

Ég vona að ~~þessar~~ <sup>in um lifandi Jörð</sup> kenningar verði til þess að hrista svolítið upp í fólki og það endurskoði heimsmynd sína. Menn hætti að telja sig herra Jarðarinnar en skynji að við erum aðeins hluti af stærri heild.

sjá grein um Gæju

En heimsmynd manna breyttist hægt. Hugsið ykkur, þáfinn er fyrst nú, eftir nærri 400 ár að viðurkenna að Galíleo Galílei hafði rétt fyrir sér þegar hann hélt því fram að Jörðin snérist í kring um sólina en ekki öfugt. Og ég óttast að heimsmynd okkar, og þá

umleið virðing okkar fyrir Jörðinni. breyttist of hægt, því tíminn er að renna út.

Og það hafa menn svo sem gert sér grein fyrir.

Ötal fundir hafa verið haldnir og ráðstefnur og skýrslur skrifaðar. Fáar hafa hlotið eins mikla umfjöllun og sú sem venjulega er kölluð eftir Gro Harlem Brundtland. Niðurstaða þeirrar skýrslu var að forsenda frambaldandi mannlífs á Jörðu væri sjálfbær þróun. En hvað er sjálfbær þróun?

Jú í sjálfbærri þróun felst að náttúrulögmál séu virt, að þegar við nýtum Jörðina þá göngum við þannig um að þeir sem á eftir okkur koma hafi ekki síðri möguleika til að komast af en við höfum sjálf.

Það er ~~oft~~ sitthvað orð og æði og segja má að það eigi svo sannarlega við um þessa skýrslu. Hún hefur bæði verið lofuð og gagnrýnd. Hún hefur verið gagnrýnd fyrir að vera nær óskiljanleg og hún hefur verið gagnrýnd fyrir að gera sæmileg úttekt á ástandinu eins og það er en þegar kemur að því að benda á leiðir til úrbóta þá sé eins og höfundar hafi verið múlbundnir.

Ritari Brundtland nefndarinnar kom hér fyrir nokkrum árum og hann svaraði þessari gagnrýni á þann hátt að skýrslan bæri þess merki að vera samin af stjórnámálamönnum. Þeir hugsi bara út kjörtímabilið og álykti sem svo: börn framtíðarinnar hafa ekki kosningarétt svo ekki þarf að berjast fyrir réttindum þeirra eða lífi. Stjórnámálamenn nútímans eru ekki kosnir út á það að boða að fólk verði að draga saman neyslu, t.d. leggja bílunum sínum.

Sá misskilningur er mjög á kreiki að sjálfbær þróun sé afturhvarf til fortíðar og t.d. afneiti hún allri tækni. Svo er ekki.

Fortíðin er liðin og kemur ekki aftur. Sú þekking og sú tækni sem við höfum öðlast á updanförnum öldum ætti einmitt að gera okkur kleift að lifa mjög ánægjulegu lífi um leið og við tökum mið af þeim reglum sem náttúran setur okkur.

Grískur heimspekingur Elísabet Sahrntouris líkir sögu mannsins skemmtilega við mannsævi, hún segir:

A forsögulegu akuryrkjusamfélagunum var fólk sjá bls. 12 og 13  
ens og smágar, þrepti í blundum á mótum og  
var þennu lát.

Síðan þá kemur að vasa þá mótumunni og ein í  
hlutbundna heild og lög fósturinn gefa öryggi - skil  
veg mannfólku á mótumunni í kvæmu.

'A gelgju skerti gefa menn skit í mótumunni og þetta  
og ein á það skit þannu sít ein endurmen og  
á upplýsingaöld og á þú skerti einu sít ein.

Unglingurinn var stóru þessa íva verdu fullöldum  
því en hann þetta þessan sig, þess verður  
þessi þessum, sítum og gefu sítum þessu að  
hann á einu þessu þessu.

Að þú verður sít að mótum, kalla endur og þessu  
gelgju skerti einu sítum þessu þessu þessu sítum  
sítum þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
þessu þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu

~~Hvernig geti Ísland tekið kúrsinn á sjálfbæra þróun á lá lönd en  
betur til þess fallin, vegna sjálfstæðis síns og ríkulegra  
auðlinda á landi, hafi og ekki síst í mannfólki~~

~~Stokka algjörlega upp hagkerfið breyta gildum þess og  
verðmætumati, afnema vexti.~~

Leggja áherslu á smáar einingar - allt sem við getum gert sjálf,  
gerum við sjálf, stundum sjálfspurftarþúska á sem flestum  
sviðum. Eftir það land verður að þessu og þú þessu sítum  
sítum þessu þessu sítum þessu þessu sítum þessu  
Alver eru sannarlega ekki lausnir, það ætti ekki að þessa að  
útskýra fyrir kvennalistakonum, en það veit sítum þessu  
þessu útskýringa við á þessum síðustu og verstu tímum, Stór hluti

þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu

þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu

þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu  
þessu sítum þessu

Þess áls sem framleiddur er ferchluti sem eru ónauðsynlegir,  
jafnvel hættulegir, umbúðir utanum mat og annað, stríðstæki og  
fl. mengun miklu meiri en talið var. *við aðbráðslu*  
*i ljóslu hvarf á*

Sæstrengur er ekki lausnin, hvað ætla Evrópubúar að gera við  
rafmagnið okkar, nota það til að halda áfram að kynda illa  
einangruð hús, framleiða ónauðsynlegan varning, halda áfram  
mengandi framleiðslu.

Aður en við eyðileggjum eina af okkar lífsnauðsynlegu auðlindum  
sem við en fáar aðrar þjóðir eigum vil ég sjá í hvað rafmagnið á  
að fara. Þegar Evrópuþjóðir stokka upp hjá sér til sjálfbærrar  
þróunar og það hljóta þær að gera fyrir eða síðar eða farast ella,  
hvort sem það verður eftir 5 ár, 10 ár eða 50 ár. Þá komast þeir  
af með okkar rafmagn en við búin að eyðileggja allt í skammsýni  
okkar. *og binda möguleika okkar*

Það erum við en ekki strúturinn sem sem stingum höfðinu í  
sandinn, Strúturinn hleypur enda er hann með fótfráustu dýrum og  
hleypur hratt. Við getum ekki hlaupi og gerum okkur líka grein  
fyrir að við getum ekkert hlaupið, við eigum aðeins eina Jörð.

*Þetta fyrra kemur út á íslensku ágel bóla - Þorgjört Þorstein*  
Enda á að lesa utaná bókina Bjargið Jörðinni

Í íslenska nafninu felst að aðrir eigi að bjarga Jörðinni þótt  
augljóst sé af efni bókarinnar að það er alls ekki það sem fyrir  
höfundum hennar vakir - það verða allir að leggja hönd á plóginn. *og*  
*það þarf ellevi að opna bókina til að sjá það lesa þorstein*

En það segir svolítið um afstöðu Íslendinga að engum sem að  
útgáfu bókarinnar stóð skuli hafa dottið í hug að bókin á að heita  
Björgum Jörðinni en ekki Bjargið

nú er það mín brennandi spurning hvoru megin línu vilja  
Kvennalistakonur standa - setja þær sig í flokk þeirra sem hrópa  
Bjargið Jörðinni - eða þora þær að slást í þann hóp sem ekki bara  
hrópa Björgum Jörðinni heldur þora að gera eitthvað og vilja  
leggja eitthva á sig til þess. *ad bjarga miðum jörð.*